

Föstudaginn 15. nóvember 1991.

Nr. 283/1990.

**Úlfar Magnússon**

(Kristján Ólafsson hdl.)

gegn

**Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra**

(Ólafur Garðarsson hdl.).

Lífeyrissjóður. Leigubifreiðastjórar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. júlí 1990. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að viðbættum virðisaukaskatti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra var staðfest af fjármálaráðuneytinu 9. maí 1979.

Áfrýjandi greiddi lífeyrисиðgjöld til stefnda frá júlí 1980 til loka þess árs, svo og fyrir allt árið 1981 og frá og með janúar 1982 til og með október 1982. Frá þeim tíma hefur hann hvorki greitt lífeyrисиðgjöld til stefnda né annarra lífeyrissjóða.

Iðgjaldaskuldin, sem krafist er greiðslu á í málinu, nær yfir tímabilið frá 1. janúar 1983 til 1. júlí 1986. Gögn málsins gefa ekki til kynna, að fjárhagsstaða stefnda hafi á þeim tíma verið veik, svo að sérstök ástæða hafi verið til að efast um möguleika hans til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum.

Af hinum nýju gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, má ráða, að fjárhagsstaða stefnda nú sé erfið og svo hafi verið um nokkurt skeið, svo að nú sé svo komið, að verulega séu skertir möguleikar hans til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum. Fram kemur í gögnum málsins, að auk áfrýjanda

skuldi 38 sjóðfélagar iðgjöld margra ára. Er fullyrt af hálfu stefnda, að lífeyrissjóðurinn myndi styrkjast verulega, ef þær skuldir yrðu greiddar.

Eins og atvikum er háttað samkvæmt framansögðu, eru ekki efni til að fjalla í þessu máli um réttarstöðu áfrýjanda gagnvart stefnda með hliðsjón af fjárhagsstöðu og greiðslugetu stefnda nú, heldur á þeim tíma, er til fjárkröfu stefnda í málinu stofnaðist.

Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að vextir verða ekki teknir til greina af dæmdum málskostnaði í héraði.

Með 21. gr. laga nr. 54/1988 var nýtt ákvæði, um heimild til að dæma vexti af málskostnaði, tekið inn í 175. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í 28. gr. laga nr. 54/1988 segir, að lögín öðlist gildi 1. júlí 1988 og skuli gilda um öll mál, sem þingfest eru eftir þann tíma. Mál, sem þingfest eru fyrir þann tíma, skuli fara eftir eldri lögum. Mál það, sem hér er fjallað um, var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 9. desember 1986. Verða vextir af dæmdum málskostnaði í héraði því ekki teknir til greina.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Mál þetta var þingfest 9. desember 1986. Hinn 31. mars 1987 skilaði stefndi greinargerð, og málið fór þá „til yfirborgardómara til úthlutunar“. Málið var síðan ekki tekið fyrir, svo að séð verði, fyrr en 22. nóvember 1989 og var þá frestað til aðalflutnings, sem fram fór 27. mars 1990. Dómur var því næst kveðinn upp 23. apríl 1990. Engin skýring hefur verið gefin á þessum mikla drætti á málinu, sem ber að átelja.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdum málskostnaði eru ekki teknir til greina.

Áfrýjandi, Úlfar Magnússon, greiði stefnda, Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 27. mars sl., höfðaði Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra, Fellsmúla 24-26, Reykjavík, nnr. 6088-8744, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Úlfari Magnússyni, Blönduhlíð 33, Reykjavík, nnr. 8964-0946, með stefnu, birtri 21. nóvember 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 64.939,20 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar bæði að höfuðstól og vöxtum. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess, að stefnanda verði gert að greiða málskostnað eftir mati dómsins ekki lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

*Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að árið 1971 hafi Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra verið stofnaður fyrir tilstuðlan stéttarfélags leigubilstjóra, Bifreiðastjórufélagsins Framma, og Trausta, félags sendibilstjóra. Upphaflega hafi sjóðurinn verið frjáls lífeyrissjóður án skylduáðildar. Með lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda hafi öllum launþegum og atvinnurekendum verið gert skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi stéttarfélags. Eftir að lög þessi hafi tekið gildi 9. júní 1980, hafi Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra ekki verið frjáls sjóður, heldur skyldusjóður.

Fljótlega eftir gildistöku laganna hafi stefnandi kynnt þau fyrir þeim leigubilstjórum, sem ekki hafi verið aðilar að sjóðnum. Ekki hafi þeir allir viljað greiða iðgjöld í sjóðinn, þótt flestir þeirra hafi gert það. Stefndi hafi ekki greitt iðgjöld til stefnanda frá 1. janúar 1983 til 1. júlí 1986 þrátt fyrir margítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefnandi heldur fram þeirri málsástæðu, að samkvæmt skylduáðild að lífeyrissjóðnum beri sjóðnum að tryggja, að allir þeir aðilar, sem í sjóðnum eigi að vera, greiði tilskilin iðgjöld. Þessa skyldu beri hann gagnvart bifreiðastjórunum sjálfum og fjölskyldum þeirra.

Þá stýður stefnandi mál sitt þeim rökum, að samkvæmt ákvæðum í 2. gr. laga nr. 55/1980 beri fjármálaráðuneyti að úrskurða, risi ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Þetta hafi fjármálaráðuneytið gert 22. júní 1983, en í úrskurðinum segi m.a.:

„Sjálfsseignarleigu- og sendibifreiðastjórar skulu greiða lífeyrisiðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra.“

Stefndi sé sjálfsseignarleigubifreiðarstjóri og aðili að stéttarfélagi. Með sama hætti og stefndi eigi rétt á því að vera félagi í Lífeyrissjóði leigu-

bifreiðastjóra samkvæmt lögum nr. 55/1980 hvíli sú skylda einnig á honum svo og til þess að greiða iðgjöld til sjóðsins. Sömu skyldu leggi framangreindur úrskurður fjármálaráðuneytisins honum á herðar. Í því sambandi beri þess að gæta, að löggjafinn hafi heimild til þess að kveða á um það, hvernig úrskurða skuli ágreining, og það hafi hann í þessu tilviki gert með því að leggja úrskurðarvaldið til fjármálaráðuneytisins.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að skylda stefnda til aðildar að Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra feli í sér brot á 67., 69. og 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi lýsir á eftirfarandi hátt, hvernig iðgjöld til lífeyrissjóðsins eru fundin og hvernig krafa stefnanda er sundurliðuð:

„Iðgjöld til sjóðsins eru reiknuð af þeim ökutaxta, sem í gildi er á hverjum tíma. Ökutaxti leigubifreiðastjóra er samansettur af ýmsum kostnaðarliðum, sem viðurkenndir eru nauðsynlegir við rekstur bifreiðar. Einn þeirra liða, sem viðurkenningar nýtur, er laun bifreiðarstjórans. Launin eru þannig fundin, að tekið er mið af launum bifreiðastjóra í hæsta launaflokki innan Verkamannasambands Íslands, síðan er bætt við 12% álagi. Þetta 12% álag er hugsað sem greiðsla frá viðskiptavini og launagreiðanda leigubílstjórans á atvinnurekandagreiðslu í lífeyrissjóð 6%, sjúkrasjóðsgjaldi 1%, félagsgjaldi frá atvinnurekanda 1%, orlofsheimilissjóðsgjaldi 0,25% og ýmislegt annað 3,75%. Atvinnubílstjóri tekur því á móti 6% atvinnurekandagjaldi til lífeyrissjóðsins frá launagreiðandanum. Sjálfur á bifreiðarstjórinn síðan að greiða 4% af sínum launum. Í reglugerð sjóðsins er gert ráð fyrir, að veittur sé 30% afsláttur af þessari útreiknuðu tölu sem lágmarksgjald til sjóðsins. Sjóðurinn reiknar mánaðarlega út skv. framan-sögðu iðgjöld til sjóðsins.

Samtals er iðgjaldaskuld stefnda frá 1.1.1983 til 1.7.1986 41.245,00 kr., sbr. dómskjal nr. 3, auk uppsafnaðra vaxta, 23.694,20 kr., sbr. dómskjal nr. 3. Þar eru reiknaðir hæstu leyfilegir dráttarvextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og vöxtum bætt við höfuðstólinn á tólf mánaða fresti.

Stefnufjárhæðin sundurliðast þannig, að 41.245,00 kr. eru vangreidd iðgjöld frá 1.1.1983 til 1.7.1986, 23.694,20 kr. eru vextir til 1.3.1986, samtals 64.939,20.“

Í greinargerð stefnda kemur fram, að stefndi er sjálfstæður leigubílstjóri, og er það skilgreint á þann veg, að hann stundi leiguakstur með fólk á eigin bifreið. Stefndi sé félagi í Bifreiðastjórafélaginu Framma, sem sé atvinnufélag eða starfsréttindafélag slikra bifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni. Þetta félag sé ekki stéttarfélag í merkingu laga um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem félagar þess séu sjálfstæðir atvinnurekendur. Félagið sé ekki lengur aðili Alþýðusambands Íslands. Launþegar í röðum bifreiðastjóra hafi með sér félag, Bifreiðastjórafélagið Sleipni.

Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra hafi ávallt verið umdeildur í þeirra hópi, og þeir, sem honum séu andvígir, telji hann ekki eiga raunhæfan starfsgrundvöll og geti því ekki tryggt félögum eðlilegan og öruggan lífeyri til jafns við það, sem gerist meðal launþega í landinu. Skylduáðild að sjóðnum feli í sér óeðlilega og ólöglega mismunun gagnvart leigubifreiðastjórum og skerði persónufrelsi þeirra.

Stefndi mótmælir því eindregið, að sér sé skylt að eiga aðild að Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra eða greiða iðgjöld til sjóðsins yfirleitt eða fyrir það tímabil, sem stefnandi miðar kröfur sínar við.

Stefndi telur það háð ákvörðunarrétti hans sjálfs, hvort hann gerist aðili að lífeyrissjóðnum eða ekki. Hann hafi ekki gerst aðili að sjóðnum og hafni því að vera það.

Stefndi hafnar því, að úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 22. júlí 1983 hafi gildi gagnvart sér eða gildi yfirleitt. Hann hafi enga aðild átt að meðferð þess máls, sem úrskurðað var. Úrskurðurinn hafi ekki annað en álitsgildi og sé ekki bindandi úrlausn um það, í hvaða lífeyrissjóð eða lífeyrissjóði hann megi kjósa að greiða, enda hafi dómstólar endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum.

Stefndi heldur því fram, að ákvæði laga nr. 55/1980 hafi ekki stjórnskipulegt gildi og fari í bága við 67., 69. og 73. gr. stjórnarskrárinnar og aðrar grundvallarreglur hennar um persónufrelsi og friðhelgi eignarréttinda, verði lögin skilin á þann veg, að honum sé skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði, hvort sem hann vilji eða ekki. Þetta sé enn ljósara, ef lögin skyldi menn til þess að vera í tilteknum lífeyrissjóði, sem þeir hafi ekki kosið sér.

Þá telur stefndi, að samkvæmt þessum skilningi myndu lög nr. 55/1980 fara í bága við alþjóðleg mannréttindaákvæði, er skylt sé að virða á Íslandi, og vísar þar einkum til 11. gr. sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Samkvæmt 11. gr. sáttmálans sé ætlast til þess, að menn séu ekki skyldaðir til að gerast félagar í tilteknum samtökum gegn eigin vilja.

Þá telur stefndi, að rétt sé að skilja lög nr. 55/1980 á þann veg, að þeim sé ætlað að tryggja öllum starfandi mönnum rétt til þess að gerast aðilar að lífeyrissjóðum, en ekki leysa úr því, í hvaða sjóði þeir eigi að vera. Lögin séu ekki sérstaklega gerð til þess að tryggja hagsmuni einstakra lífeyrissjóða eða vera grundvöllur að togstreitu þeirra á milli um aðild einstakra manna. Að öðrum kosti væru þau komin út fyrir mörk stjórnskipulegs gildis að því leyti.

Ekki geti verið gilt að stjórnskipunarlögum að fela fjármálaráðuneytinu úrskurðarvald um það, hvort stefndi skuli vera í sjóði stefnanda eða ekki.

Til þess að geta haft uppi kröfur um aðild og iðgjöld á hendur stefnda

verði stefnandi að sýna fram á, að hann fullnægi þeim kröfum, sem almennt verði að gera til lífeyrissjóða, til þess að þeir geti notið réttinda og gripið til aðgerða á grundvelli laga eins og laga nr. 55/1980.

Stefndi mótmælir því eindregið, að stefnandi sé fær um að standa við eðlilegar lífeyrisskuldbindingar til sjóðfélaga. Ef skylda ætti stefnda til þess að greiða lífeyrисиðgjöld til ótrausts og vanmegnugs lífeyrissjóðs, þegar aðrir landsmenn geti gengið að ábyrgum og sterkum sjóðum, væri í því fólgin ótvíræð og ólögleg mismunun. Fullyrðingar stefnda um þetta standi óhaggaðar, þar sem stefnandi hafi ekki upplýst neitt um stöðu og greiðslugetu Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra. Jafnvel þótt fjármálaráðuneytið kunni að hafa eftirlitsskyldu með sjóðnum, breyti það því ekki, að stefndi geti krafist þess, að sýnt sé fram á getu sjóðsins til þess að greiða lífeyri. Á milli stefnanda og stefnda séu þær gagnkvæmu skyldur, að geti stefnandi kafið stefnda um greiðslur, geti stefndi kafið stefnanda um upplýsingar um greiðslugetu. Það, að stefnandi hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni, leiði til, að sýkna beri stefnda. Með lögum nr. 55/1980 sé verið að svipta menn eign, án þess að nokkuð komi í staðinn.

Ökugjald sé einu tekjur venjulegra leigubifreiðastjóra. Samkvæmt reglugerð stefnanda séu iðgjöld á því byggð, að þeir eigi kost á mótfamlagi til viðbótar tilteknum eigin iðgjaldshluta, hliðstætt því, sem gerist í vinnu og kjarasamningum launþega. Þessu sé ekki þannig farið í reynd, þar sem bifreiðastjórnarnir séu ekki sjálfráðir um ákvörðun ökutaxta, heldur hafi hann sætt viðtækum afskiptum með verðstöðvunum og verðlagsaðgerðum á undanfórnum árum, og megi búast við slíku áfram. Í beitingu iðgjaldsreglnanna felist óeðlileg þvingun, sem ekki fái staðist að lögum.

Stefndi sé ekki aðili að öðrum lífeyrissjóði. Það veiti stefnanda ekki aukinn rétt til þess að krefjast aðildar af honum eða iðgjalda.

Stefndi rökstyður varakröfu sína um lækkuu stefnukröfu á þann veg, að á tímabilinu frá september 1983 til nóvember 1984 hafi engin hækkun orðið á ökutaxta leigubílstjóra. Hins vegar hafi iðgjald til stefnanda tvivegis hækkað á þessu tímabili, sem fái því ekki staðist. Sá munur, sem hér um ræðir, nemur 330,00 kr. af höfuðstólskröfu.

Stefnandi bendir hins vegar á, að iðgjöldin séu ekki reiknuð af ökutaxtanum öllum, heldur einungis launalið hans samkvæmt gr. 9.1. í reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra. Launaliðir geti hækkað, en aðrir þættir ökutaxta hækkað og ökutaxtinn því haldist óbreyttur. Þetta sé skýringin á því, hvers vegna iðgjöldin hafi hækkað á framangreindu tímabili, enda þótt ökutaxtinn hafi haldist óbreyttur.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að grundvöllur sé til þess, að stefnandi geti krafist vanskilavaxta eða vaxtavaxta. Hins vegar er af hálfu stefnda

ekki mótmælt út af fyrir sig upphafstíma, sem útreikningur stefnanda á vöxtum er miðaður við.

*Forsendur dómsins.*

Í 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er kveðið á um það, að öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu.

Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra starfar ekki samkvæmt sérstökum lögum. Í greinargerð stefnda kemur fram, að fjármálaráðuneytið hafi staðfest reglugerð lífeyrissjóðsins í maí 1979. Sú staðfesting liggur ekki frammi í málinu, en ráð þykir mega gera fyrir því, að þessu formskilyrði hafi verið fullnægt.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að ákvæði laga nr. 55/1980 fari í bága við stjórnarskrána, einkum 67., 69. og 73. gr., séu þau skilin á þann veg, að stefnda sé skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði, hvað sem hans eigin vilja líði.

Með lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra var gert skylt að greiða eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem voru í Alþýðusambandi Íslands, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sama gildi um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teldust þau til verkalyðsfélaga. Þá var og kveðið á í lögnum um almenn eftirlaun til aldraðra, sem ekki áttu aðild að framangreindum stéttarfélögum. Lögum nr. 97/1979 var fjórvegis breytt, síðast með lögum nr. 2/1985, en þá voru löggin endurútgefin með áorðnum breytingum.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum nr. 97/1979 voru fjármagnáðar af atvinnuleysistryggingasjóði að þremur fjórðu hlutum, en ríkissjóði að einum fjórða.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar þessum lífeyrisgreiðslum, og þótt maður gangi úr lífeyrissjóði og afsali sér réttindum, þá skulu greiðslur, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, engu að síður dragast frá með sama hætti.

Ákvæðum um fjármögnun kostnaðar við eftirlaunagreiðslur var breytt með lögum nr. 2/1985 þannig, að hún dreifist nú á fleiri hendur, þar á meðal þeirra lífeyrissjóða, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda kemur fram, að skapast hafi ákveðið

misræmi, þ.e., að þeir, sem hafa ekki greitt í lífeyrissjóði, öðlist réttindi til eftirlauna án greiðslu, en þau lífeyrissjóðingarnir, sem menn hafi aflað sér með greiðslum, skerði að sama skapi hinn almenna rétt til eftirlauna.

Í greinargerðinni segir orðrétt:

„Eftir gildistöku eftirlaunalaganna er því óhjákvæmilegt, að þegar verði komið á skylduábyrgð að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn, sem þátttöku-skylda nær enn ekki til samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Tilgangur þessarar lagasetningar, sem hér er gerð tillaga um, er því að tryggja, að allir starfandi menn beri á sama hátt kostnað af lífeyrstryggingum, eftir að nær öllum landsmönnum hefur verið tryggður sá lágmarksréttur til eftirlauna, sem felst í lögnum um eftirlaun aldrafra ..... Með frumvarpi þessu um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrissjóðinganna er stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum.“

Telja verður, að sú ótvíæða skylda, sem launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er lögð á herðar með lögum nr. 55/1980, að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, sé hvorki brot á 69. né 73. gr. stjórnarskrárinnar, eins og þær hafa verið skýrðar í íslenskum rétti. Ber þar m.a. tvennt til. Lagaskyldan er ótvíæð og yfirlýstur tilgangur laganna m.a. sá að leggja á menn skyldur, til þess að réttindanautn byggist á sem jöfnustum forsendum. Verður ekki betur séð en lögin eigi að stuðla að því, að þeim tilgangi verði náð.

Enda þótt Ísland hafi fullgilt Evrópusamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis og viðauka við hann, hefur samningur þessi ekki lagagildi á Íslandi, og verður því ekki byggt á honum sem réttarheimild fyrir íslenskum dómstólum. Af hálfu stefnda er vitnað til 11. gr. samningsins og því haldið fram, að lög nr. 55/1980 fari í bága við þá grein. Ekki verður séð, að þessi grein samningsins veiti viðtækari vernd en 73. grein íslensku stjórnarskrárinnar, og því engin nauðsyn að skýra stjórnarskrárgreinina með sérstakri hliðsjón af 11. gr. mannréttindasáttmálans.

Þeir lífeyrissjóðir, sem í landinu starfa, eru eflaust misjafnlega í stakk búinir til þess að standa við skuldbindingar sínar og staða þeirra misgóð frá einum tíma til annars. Ekkert það þykir hafa verið leitt í ljós í þessu máli, sem telja verður, að gefi sérstaka ástæðu til að ætla, að Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra sé mun verr í stakk búinn til að standa við skuldbindingar sínar en ýmsir aðrir lífeyrissjóðir kunna að vera, og verður ekki fallist á það, eins og atvikum málsins er háttað, að stefnanda beri sérstaklega að upplýsa þetta, en sýkna skuli stefnda að öðrum kosti. Þótt svo kynni að vera nú, að stefnandi ætti í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar, hefur ekkert verið leitt í ljós um, að hann geti það ekki eða muni ekki geta síðar meir, og verður ekki talið, að sú lagaskylda að greiða iðgjöld til sjóðsins brjóti gegn 67. grein stjórnarskrárinnar.



Að framan er komist að þeirri niðurstöðu, að stefnda beri skylda til þess að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki geti verið heimilt að stjórnlögum að fela fjármálaráðuneytinu úrskurðarvald um það, hvort stefndi skuli vera í sjóði stefnanda eða ekki.

Í 3. gr. laga nr. 55/1980 er kveðið á um, að tryggingarskyldan skuli innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum, eftir því sem kostur sé. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að lífeyrissjóði, skuli hann velja sér lífeyrissjóð eftir því, sem reglur einstakra sjóða leyfi. Sé tryggingarskyldunni ekki fullnægt með þessum hætti, skuli henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til þess lífeyrissjóðs, sem úrskurðaraðili, þ.e. fjármálaráðuneytið, vísar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð.

Eins og að framan er rakið, úrskurðaði fjármálaráðuneytið 22. júlí 1983, að sjálfseignarleigu- og sendibifreiðastjórar skyldu greiða lífeyrisiðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra. Þessi úrskurður var kveðinn upp á grundvelli gildrar lagaheimildar og ekkert annað leitt í ljós en hann sé að öllu leyti innan valdmarka fjármálaráðuneytisins. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að úrskurðurinn sé óbindandi fyrir hann, heldur ber að leggja úrskurðinn til grundvallar um þá skyldu stefnda að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á kröfu stefnanda um, að stefndi greiði iðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubifreiðastjóra.

Að framan er lýst tölulegum ágreiningi aðila um fjárhæð höfuðstóls kröfu stefnanda, en stefndi telur, að iðgjöld hafi ekki átt að hækka á tímabilinu frá því í september 1983 fram til nóvember 1984, þar sem á þeim tíma hafi engin hækkun orðið á ökutaxta leigubifreiðastjóra.

Samkvæmt grein 9.1. í reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra skulu iðgjöld til sjóðsins vera 10% af launa- og orlofsþáttum ökutaxta. Fallast verður á þá skýringu stefnanda, að þessir þættir ökutaxtans geti breyst til hækkunar, án þess að taxtinn sjálfur hækki, þar sem aðrir þættir geti breyst til lækkunar á sama tíma. Þess ber og að gæta, að hækkun verður á ökutaxta 16. september 1983 og á iðgjaldi stefnda í október s.á., og sýnist það vera í eðlilegu samhengi, en samkvæmt útreikningum stefnanda virðist það vera svo, að hækkun ökutaxta leiðir ekki til hækkunar iðgjalda sama mánaðar, heldur mánaðarins næsta á eftir. Þegar til þessa er litið og ýtarlegra útreikninga, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, þykir mega leggja þá til grundvallar dómi í málinu, en stefndi hefur ekki sýnt fram á með nægilega gildum rökum, að ósamræmi sé á milli þeirra og heimilda stefnanda til álagningar iðgjalda á sjóðfélag.

Stefndi heldur því fram, að ekki séu efni til þess, að dráttarvextir séu dæmdir af iðgjaldaskuld stefnda, og mótmælir því, að vaxta-

vextir séu dæmdir. Stefndi mótmælir hins vegar ekki upphafstíma vaxta.

Dráttarvextir verða dæmdir af kröfu stefnanda samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 25/1987 og gr. 9.5. í reglugerð fyrir Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra.

Kröfu stefnanda um, að dæmdir verði vaxtavextir, ber að taka til greina samkvæmt dómvenju og 12. gr. laga nr. 25/1987.

Lögmaður stefnanda lýsti yfir við munnlegan flutning málsins, að stefnandi væri ekki virðisaukaskattsskyldur. Enn fremur lýsti lögmaðurinn yfir, að hann notaði svokallaða afhendingarreglu við skattskil af verkefnum, sem hann hefði unnið að beggja vegna áramóta 1989/1990. Með þetta í huga og atvik málsins þykir málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, hæfilega ákveðinn 55.000,00 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Úlfar Magnússon, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra, 64.939,20 kr., með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 58.439,20 kr. frá 1. mars 1986 til 1. apríl s.á., af 59.739,20 kr. frá þeim degi til 1. maí s.á., af 61.039,20 kr. frá þeim degi til 1. júní s.á., af 62.339,20 kr. frá þeim degi til 1. júlí s.á., af 63.639,20 kr. frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af 64.939,00 kr. frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabankans, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Áfallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1987.

Stefndi greiði stefnanda 55.000,00 kr. í málskostnað, og ber málskostnaðurinn dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabankans, sbr. og vaxtalög nr. 25/1987 og 21. gr. laga nr. 54/1988, frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags. Áfallnir vextir á málskostnað bætast við höfuðstól hans á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. maí 1991.